

Fundur í

mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps miðvikudaginn 13. febrúar 2008 kl.: 19:30.

Fundarstafður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5a.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Ingvar Samúelsson, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Steinunn Rasmus, Guðrún Guðmundsdóttir, Björg Karlsdóttir, Ingibjörg Smáradóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíða að stærð.

Dagskrá:

1. Umsókn um skólavist í Reykhólaskóla fyrir nemenda frá Akureyri. Samþykkt að veita nemanda skólavist fram á vor 2008 þar sem óvissa er um skólaakstur í Gufudal skólaárið 2008-2009.
2. Tónlistarkennsla/kórstjórn. Samþykkt að ræða við sóknarnefnd og prest um hugsanlega samvinnu við að útvega tónlistarkennara. Samþykkt að styrkja tónlistarkennara til að koma á Reykhóla til tónlistarkennslu tímabundið (ca. 6 vikur) með sama sniði og gert var síðasta vetur. Eygló upplýsti fundinn um að Björn Kristjánsson væri til umræðu um samstarf um tónlistarkennslu næsta vetur. Eygló vék af fundi og Guðrún kom inn í hennar stað. Ákveðið að nefndin ræði við Björn.
3. Kynningarfundir. Kynning á sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Lagt fram til kynningar.
4. Tillaga frá formanni nefndarinnar um að auglýsa eftir skólastjóra. Samþykkt.
5. Önnur mál.
 - Starfsmannaráðningar í leikskóla. Ósk kom frá Björgu leikskólastjóra um að ráðinn yrði viðbótarstarfsmaður að leikskólanum í 6 klst. á dag. Samþykkt að auglýsa eftir starfskrafti.
 - Litla íbúðin í skólahúsnæði. Hugmynd um að taka hana í notkun fyrir leikskólann. Björg telur það ekki kost.
 - Sumardagurinn fyrsti. Ákveðið að fá Eygló, Ástu Sjöfn og Ingvar til að sjá um daginn.
 - Íþróttahús. Rætt um þá þætti sem á eftir að klára í íþróttahúsinu, t.d. hljóðkerfi, kyndingarkerfi, eldhúsið, sviðið og umhverfi utanhúss.
 - Fjárhagsáætlun, framkvæmdir. Farið yfir helstu atriðin.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 21:37.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Björg Karlsdóttir (sign)

Steinunn Rasmus (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Ingibjörg Smáradóttir (sign)

Guðrún Guðmundsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)